



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2021

Umsögn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 603. mál, lagafrumvarp

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) sendi inn umsögn um umrætt frumvarp (785. mál) 21. maí 2019 og aftur þann 24. febrúar 2020 (181. mál). Vísað er að til fyrri umsagna sambandsins.

ÍSí leggst gegn frumvarpinu í núverandi mynd. ÍSí hefur komið sjónarmiðum á framfæri bæði við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Ekki hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem ÍSí hefur komið á framfæri, að ÍSí verði tilgreint sem almannaheillastarfsemi án þess að falla undir formreglur laganna. Það er mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna að vera viðurkennd sem almannaheillastarsemi enda ætlunin að ívilna þeirri starfsemi með einum eða öðrum hætti inn í framtíðina.

ÍSí telur rétt að félög, sérsambönd, íþróttahéruð og önnur starfsemi sem fellur undir íþróttalög nr. 64/1998 eigi að teljast til almannaheillastarfsemi í skilningi frumvarpsins en verði að vera óbundin af formreglum frumvarpsins. Með því verði sjálfstæði íþróttahreyfingarinnar tryggt en hún byggir alla sína starfsemi á sjálfsákvörðunarrétti sem er viðurkenndur bæði í Evrópu- og alþjóðarétti.

Í dæmaskyni og í samræmi við ofangreint telur ÍSí að eftirfarandi orðalag mætti taka upp í 1. gr. laganna í stað 2. málsl. 2. mgr. 1. gr.

„Lögin gilda um félög, sérsambönd, íþróttahéruð og aðra starfsemi sem fellur undir íþróttalög nr. 64/1998, að undanskildum formreglum laganna sbr. II.-IX. kafla þeirra.“

Rétt er að minna á að innan vébanda ÍSí eru 53 viðurkenndar íþróttagreinar, 33 sérsambönd, 25 íþróttahéruð, yfir 400 íþrótt- og ungmennafélög og deildir þeirra, hátt í 190 þúsund félagsmenn og tæplega 110 þúsund iðkendur. Ætla má að sú starfsemi sem er innan ÍSí sé verulega stór hluti af þeirri heildarstarfsemi sem falla undir almannaheillaskilgreininguna.

Fulltrúar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands eru tilbúnir til að funda með efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við málið, ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

